**Fundargerð**
350. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 11. apríl 2013 kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka til afgreiðslu tvö mál undir liðnum önnur mál og var það samþykkt.

## Dagskrá:

**<u>Fundargerðir</u>**

1. **349. fundur hreppsnefndar 14. mars 2013.**

   *Farið yfir fundargerð og hún samþykkt samhljóða.*

2. **Skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd 8. apríl 2013.**

   *Farið yfir fundargerðina.*

   *1211001 – Reykhólaland 216276, þéttbýlið, deiliskipulag. Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa deiliskipulagið fyrir þéttbýlið Reykhóla. Samþykkt samhljóða.*

   *1209008 – Reykjabraut 4, 139726, lóðarleigusamnngur. Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar.*

   *1304023 – Reykjabraut 8, 139732, lóðarleigusamningur. Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar.*

   *Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

3. **Mennta- og menningarmálanefnd 9. apríl 2013**

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

**<u>Mál til afgreiðslu</u>**

1. **1205007 - Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps.**
   Fyrri umræða.

   *Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps lögð fram til fyrri umræðu. Umræður um samþykkt og henni vísað til síðari umræðu.*

2. **1209009 – Búfjársamþykkt Reykhólahrepps.**
   Síðari umræða.

*Búfjársamþykkt lögð fram til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram 10. janúar 2013. Búfjársamþykkt og gjaldskrá samþykkt samhljóða.*

3. **1304009 – Alþingiskosningar 27. apríl 2013, kjörskrá og kjörfundur.**
   Erindi frá Þjóðskrá Íslands vegna alþingiskosninga 27. apríl 2013, dagsett 27. mars 2013, ásamt kjörskrárstofni.

   *Kjörskrá samþykkt samhljóða. Tillaga kom fram um að kjörfundur verði haldinn í Bjarkalundi frá kl. 10 til 18. Tillagan samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að árita kjörskrá fyrir hönd hreppsnefndar. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að veita oddvita og sveitarstjóra fullnaðarheimild til að gera leiðréttingar á kjörskrá fram á kjördag þann 27. apríl 2013. Samþykkt samhljóða.*

4. **1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum..**
   Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni og Guðmundi H. Sigvaldasyni, dagsett 4. apríl 2013.

   *Hreppsnefnd vísar erindinu til umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Samþykkt samhljóða.*

5. **1302006 – Málefni Ingunnarstaða.**
   Erindi frá Ólafi Kristinssyni hdl., dagsett 27. mars 2013, þar sem fram koma málavextir vegna Ingunnarstaða.

   *Hreppsnefnd lýsir yfir áhyggjum sínum á þeirri stöðu sem upp er komin á Ingunnarstöðum. Sveitarstjóra falið að svara erindinu fyrir hönd hreppsnefndar og leggja svarbréf fram til kynningar á næsta fundi hreppsnefndar þann 2. maí 2013. Samþykkt samhljóða.*

6. **1304013 – Ráðstöfun Barma.**
   Umsagnarbeiðni frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dagsett 26. mars 2013.

   *Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við ráðstöfun Barma neðan þjóðvegar undir hrossabeit, verði farið að búfjársamþykkt Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.*

7. **1304017 – Ósk um endurskoðun á lóðarleigusamningum.**
   Erindi frá Ingibergi Vilhjálmssyni, dagsett 24. mars 2013, og Ingibjörgu Smáradóttur og Bjarna Þór Bjarnasyni, dagsett 2. apríl 2013.

   *Hreppsnefnd samþykkir að endurskoða samningana og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðarleigusamningum við aðila. Ársleiga lóðanna skal vera 4% af fasteignamati lóðar eins og samþykkt álagningarákvæði Reykhólahrepps fyrir árið 2013 kveða á um. Samþykkt samhljóða.*

8. **1304014 - Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, mál 635.**
   Erindi frá velferðarnefnd Alþingis, dagsett 13. mars 2013.

   *Hreppsnefnd veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.*

9. **1304015 – Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, mál 636.**
   Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 13. mars 2013.

   *Hreppsnefnd veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.*

10. **1304025 – Afskriftir í bókhaldi Reykhólahrepps.**

Listi aðalbókara vegna afskrifta við gerð ársreikning 2012.

*Hreppsnefnd samþykkir afskriftir á óinnheimtum gjöldum, samþykkt samhljóða.*

## Til kynningar

**11. 1304026 - Lánasjóður sveitarfélaga, arðgreiðslur vegna ársins 2012.**

*Kynnt.*

**12. 1304018 – Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.**
Erindi og ályktun frá Ungmennafélagi Íslands, dagsett 2. apríl 2013.

*Ályktun lögð fram og kynnt.*

**13. 1304019 – Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 13. febrúar 2013.**

*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

**14. 1304021 - Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands 14. mars 2013.**

*Fundargerð lögð fram og kynnt.*

**15. 1303035 – Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2012.**
Skýrsla lögð fram á fundi.

*Skýrsla lögð fram og kynnt.*

## Önnur mál (ef einhver) löglega upp borin

**16. 1304028 – Krani á höfnina í Flatey.**
Erindi frá Óskari Eyþórssyni og Birni Samúelssyni, dagsett 5. apríl 2013.

*Erindinu vísað til umfjöllunar í hafnarnefnd. Samþykkt samhljóða.*

**17. 1304029 – Tilnefning fulltrúa í stjórn Báta- og hlunnindasýningarinnar ehf.**

*Eiríkur Kristjánsson endurkjörinn fulltrúi Reykhólahrepps í stjórn Báta- og hlunnindasýningarinnar. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:25**

______________________________ ______________________________

______________________________ ______________________________

______________________________ ______________________________